

Reglur um þóknun bæjarfulltrúa, ráðs- og nefndarmanna

Reglur varðandi þóknun bæjarfulltrúa, ráðs- og nefndarmanna frá árinu 2004 er í gildi með síðari breytingum:

- 1) Samþykkt var á bæjarstjórnarfundum nr. 1584 þann 9. júní 2022 að ný grunneining þóknunar yrði kr. 12.477 fyrir setu í bæjarstjórn og 15.879 kr. fyrir setu í ráði og nefndum. Grunneining skal áfram bundin launavísitölu og uppreiknuð tvisvar á ári, í júní og desember.
- 2) Á 1622. fundi bæjarstjórnar þann 21. janúar 2026 voru eftirtaldar breytingar gerðar og taka þær gildi 1. júní 2026:

a. Bæjarráð

Varaformaður bæjarráðs fær álag fyrir að undirbúa og stýra fundi sem nemur 20% af þóknun formanns. Upphæðin dregst frá þóknun formanns.

Aðalmaður í bæjarráði fær greitt fyrir fund sitji hann fund ráðsins með óformlegum hætti.

b. Bæjarstjórn

Varaforseti bæjarstjórnar fær álag fyrir að undirbúa og stýra fundi sem nemur 20% af þóknun forseta. Upphæðin dregst frá þóknun forseta.

c. Önnur ráð

Í öðrum ráðum er greidd grunnþóknun sem nemur 50% af mánaðarþóknun, eins og hún er reiknuð sbr. reglur, á mánuði og síðan 25% af mánaðarþóknun fyrir hvern setinn fund (óformleg fundarseta telst hér með).

Nefndarþóknun varamanna í öðrum ráðum verður 25% af mánaðarþóknun fyrir setinn fund.

Varaformenn fá álag fyrir að undirbúa og stýra fundi sem nemur 20% af núverandi mánaðargreiðslum formanns. Upphæðin dregst frá þóknun formanns.